

Aðalfundur Þorablótsdeild Umf. Þjótanda

Aðalfundur Þorablótsdeildar Umf. Þjótanda verður haldinn í Þingborg mánudagskvöldið 23. október kl. 20:30. Allir sem áhuga hafa á þorablóti í Þingborg eru hvattir til að mæta.

Dagskrá:

1. Skýrsla þorablótsdeildar
2. Reikningar
3. Kosningar

Umræður og önnur mál

Stjórnin

Dagskrá mánaðarins

Hautballið	7. október
Þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju	8. október
Glímuæfing	10. október
Hautfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	12. október
Hautfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps	12. október
Gaman saman Kvenfélag Villingaholtshrepps	16. október
Glímuæfing	17. október
Bingó í Þjórsárveri	19. október
Kótelettukvöld í Þingborg	21. október
Aðalfundur Þorablótsdeildar Þjótanda	23. október
Glímuæfing	24. október
Glímuæfing	31. október



VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR



Áveitan

10. tbl. 11. árgangur. Október 2017

Hautball í Félagslundi

Komið er að Hautballinu í Félagslundi, sem haldið er fyrir tilstilli brottfluttra Bæhreppinga þrettánda árið í röð. Ballið verður laugardagskvöldið 7. október, og góðvinur okkar hann Jón Bjarnason leikur fyrir dansi frameftir nóttu. Allir sem hafa gaman að dansi og góðri skemmtun eru hjartanlega velkomnir. Aðgangseyrir er 2500 kr og húsið opnar klukkan 22.00. Mælum með að borga með reiðufé en posi verður einnig á staðnum. Hvetjum alla til að mæta, hitta góða vini og kunningja, rifja upp gamlar og góðar minningar.

Allur ágóði ballsins rennur til Ungmennafélagsins Þjótanda.

-Nefndin

Keppnisbúningar fyrir frjálsar/glímu

Það hefur verið gaman að fylgjast með keppendum Þjótanda á frjálsíþróttamótum undanfarið. Vonandi verða með tímanum enn fleiri krakkar úr Flóahreppi sem ákveða að standa með okkar góða félagi og keppa undir merkjum Umf. Þjótanda.

Við viljum minna á að auðvelt er að panta Þjótanda keppnisgallann frá Henson. Um er að ræða hlýraból/topp og stuttbuxur í bláum litum. Hafa skal samband við Guðmundu á gudmunda89@gmail.com fyrir frekari upplýsingar og til að panta. Þessi búningur hentar líka vel fyrir glímu.

Stjórnin

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson
icegordon@gmail.com
S. 820-3565

Íðunn Ýr Ásgeirsdóttir
idunnyr84@gmail.com
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is
S. 892-4155

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Verkefni sveitarfélagsins eru árstíðabundin og skólarnir komnir vel í gang eftir sumarleyfi. Framundan er vinna við fjárhagsáætlanagerð og í tengslum við hana þarf að taka ákvarðanir um framkvæmdir.

Flóahreppur á vel búinn leikskóla og nægilegt rými fyrir þann fjölda sem dvelur þar. Fram hefur komið í rannsókn á vegum OECD að meðalvistunartími barna á leikskólum á Íslandi sé sá mesti sem um getur og Ísland með flesta leikskóladaga á ári. Mikil umræða hefur skapast um niðurstöður rannsóknarinnar og hugsanlegar afleiðingar svo mikils vistunartíma ungra barna á leikskóla.

Flóaskóli stækkaði hratt eftir að ákvörðun var tekin um sameiningu litlu skólanna og nám og kennslu allra árganga heima í Flóahreppi. Enn fjölgar nemendum í Flóaskóla og aldurshlutfall íbúa í sveitarfélaginu því hagstætt þegar til lengri tíma er litið. Nemendur eru nú í byrjun október 108 talsins. Íbúar sveitarfélagsins og ekki síst nemendur vilja vera stoltir af sínum heimaskóla og í september komu þeir fram með óskir um fleiri leiktæki á skólalóðina sína. Nú þegar hefur verið brugðist við og fundað með fulltrúa fræðslunefndar, skólastjóra og skipulagsyfirvöldum til þess að fara yfir lóðamálin. Lóðirnar undir Flóaskóla, Þjósárveri og íþróttasvæði Þjótanda eru í heild sinni 5 ha þannig að pláss ætti að vera til þess að koma fyrir fleiri leiktækjum. Þegar litið er til framtíðar er mikilvægt að hugsa vel um skipulag og uppbyggingu á þessu svæði og fyrir liggur að taka þarf ákvörðun um það hvort tjaldsvæði verður áfram haldið opnu í Þjósárveri. Finnst mörgum það ekki ásættanlegt svo nærri og jafnvel á skólalóðinni sjálfri enda lóðamörk ekki nægilega skýr. Þetta verkefni er því komið í vinnslu og verður unnið samhliða fjárhagsáætlanagerð.

Svandís Aitken Sævarsd. 1:49,0mín

Ásta Dís Ingimarsdóttir 1:57,0mín

6.-7. bekkur strákar

Sigurjón Reynisson 1:18,0mín

Daði Kolviður Einarsson 1:22,0mín

Viðar Hrafn Victorsson 1:31,2mín

Auðunn Ingi Davíðsson 1:31,5mín

Hjalti Geir Jónsson 1:37,8mín

6.-7. bekkur stelpur

Katrín Ágústsdóttir 1:29,4mín

800m hlaup

8.-10 bekkur strákar

Dagur Fannar Einarsson 2:43,0mín

Unnsteinn Reynisson 3:00,7mín

Eliás Örn Jónsson 3:33,5mín

8.-10. bekkur stelpur

Ingibjörg H. Jóhannesdóttir 3:11,3mín

Freyja K. Guðjónsdóttir 5:11,2mín

Árgjald Umf. Þjótanda

Við minnum enn á innheimtu árgjalds Umf. Þjótanda. Félagar sem verða 12 ára á árinu og eldri skulu greiða árgjald og er það **kr.-1000 fyrir árið 2017**. Við viljum hvetja alla til þess að greiða árgjaldið sem fyrst og styðja þar með við starfsemi félagsins. Félagið hefur lagt sig fram um að bjóða t.d. uppá gjaldfrjálsar íþróttæfingar og árgjaldið er mikilvægur þáttur í að hægt sé að halda því áfram. Það ber einnig að nefna að ekki var innheimt árgjald fyrir fyrsta starfsár félagsins.

Reikningsupplýsingar félagsins eru:

0325-26-590116 kt. 590116-2030.

Sendu skal kvittun á umfthjotandi@gmail.com og senda nöfn og kennitölur þeirra sem greitt er fyrir .

Með von um góð viðbrögð

Stjórn Umf. Þjótanda

Rán Ægisdóttir	4,70m
Ásta Björg Jónsdóttir	4,30m
Bergþóra D. Þórbergisdóttir	3,30m
Elfa Rún Heimisdóttir	2,85m

Kúluvarp

3.-4. bekkur strákar (2kg)

Hjálmar V. Rúnarsson	6,58m
Óskar Freyr Sigurðsson	5,82m
Kári Þór Steindórsson	5,68m
Arnór Leví Sigmarsson	4,64m
Helgi Reynisson	4,52m
David Ö. Aitken Sævarsson	4,47m
Hjörleifur Máni Rúnarsson	4,45m
Guðbergur D. Ágústsson	3,65m

4.-5. bekkur (2kg)

Ásdís Eva Magnúsdóttir	4,40m
Svandís Aitken Sævarsdóttir	4,26m
Ásta Dís Ingimarsdóttir	3,75m

6. bekkur strákar (2kg)

Benjamín M. Magnússon	8,52m
Viðar Hrafn Victorsson	6,77m
Hjalti Geir Jónsson	6,17m
Auðunn Ingi Davíðsson	5,69m

7. bekkur (3kg)

Sigurjón Reynisson	6,78m
Daði Kolviður Einarsson	5,98m

6.-7. bekkur stúlkur (2kg)

Katrín Ágústsdóttir	7,90m
Laufey Árnadóttir	4,08m

8.-10. bekkur strákar (4kg)

Dagur Fannar Einarsson	11,29m
Unnsteinn Reynisson	9,38m
Elías Örn Jónsson	6,99m

8. bekkur stelpur (2kg)

Freyja K. Guðjónsdóttir	8,60m
Guðmunda B. Steindórsd.	6,71m

10. bekkur stelpur (3kg)

Ingibjörg H. Jóhannsdóttir	6,51m
----------------------------	-------

400m hlaup

1.-3. bekkur strákar

Kristófer Máni Andrason	1:37,0mín
Kári Einarsson	1:59,0mín
Bjarki Rafn Reynisson	2:02,0mín
Guðni Bóas Davíðsson	2:10,0 mín
Garðar Þór Jónsson	2:21,0mín
Axel Örn Aitken Sævarsson	2:32,0mín
Albert Hellsten Högnason	2:40,0mín
Jón Oliver Rúnarsson	2:57,0mín
Egill Ingi Nielsen Jakobsson	3:08,0mín
Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	3:13,0mín

1.-3. bekkur stelpur

Karólína Þórbergisdóttir	1:47,0mín
Sigríður S. Magnúsdóttir	2:22,0mín
Elfa Rún Heimisdóttir	2:37,0mín
Rán Ægisdóttir	2:42,0mín

4.-5. bekkur strákar

Helgi Reynisson	1:37,6mín
Hjálmar V. Rúnarsson	1:38,1mín
Guðbergur D. Ágústsson	1:42,4mín
Benóný Ágústsson	1:52,0mín
Kári Þór Steindórsson	1:55,0mín
Hjörleifur Máni Rúnarsson	2:09,0mín
Arnór Leví Sigmarsson	2:14,0mín
Óskar Freyr Sigurðsson	2:20,0mín

4.-5. bekkur stelpur

Hjá Vatnsveitu Flóahrepps hefur verið unnið að nýtingum ásamt styrkingu veitunnar og verður því haldið áfram fram á haustið.

Skrifstofa Flóahrepps verður lokuð dagana 5 og 6. október n.k. vegna fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna. Ráðstefnuna sækja sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaganna og er hún tímasett með tilliti til þeirrar vinnu sem er framundan hjá öllum sveitarfélögum við ákvarðanir um fjármál og skipulag verkefna til næstu fjögurra ára.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

Glímuæfingarnar hafnar

Nú eru glímuæfingarnar í Félagslundu hafnar. Þær verða á þriðjudagskvöldum í vetur frá kl. 20-21. Allir velkomnir sem hafa áhuga á að ná tókum á glímuíþróttinni. Þjálfari verður Stefán Geirsson og honum til aðstoðar Jón Gunnþór Þorsteinsson.

Umf. Þjótandi

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps:

Haustfundur kvenfélagsins verður haldinn fimmtudagskvöldið 12. október klukkan 20:00 á loftinu í Félagslundu. Efni fundar: starfið framundan, basarvinna og fleira skemmtilegt, Mætum nú vel,

Kveðja, stjórnin

Kvenfélag Villingaholtshrepps 100 ára

Að þessu sinni ætlum við að rifja upp aðkomu kvenfélagsins að byggingu Félagsheimilisins Þjórsárvers. Á 40 ára afmælishátíð hússins árið 1999 flutti Kristín Stefánsdóttir á Hurðarbaki erindi sem við birtum hér óbreytt:

Ágætu samkomugestir, til hamingju með daginn

Eins og fram hefur komið hér á undan er eignarhlutur kvenfélagsins í Þjórsárveri 5%. Ég hef safnað saman nokkrum fróðleik hvað varðar hlut kvenfélagsins í byggingu Þjórsárvers. Hygg ég að sá fróðleikur muni vera í réttu hlutfalli við eignina.

Kvenfélag Villingaholtshrepps átti einn fulltrúa í bygginganefnd, Oddnýju Kristjánsdóttur í Ferjunesi, sem jafnframt var formaður félagsins á þessum árum. Við báðum hana að hugsa 40 ár aftur í tímann og rifja upp árin í kringum 1959. Einnig blaðaði ég í fundargerðabók frá þessu tímabili. Okkur lék forvitni á að vita hver þátttaka kvenfélagsins var í byggingu félagsheimilisins. Eins og við vitum voru fundir og aðrar samkomur félagsins haldnar annað hvort í skólahúsinu eða inni á heimilum félagskvenna, fram til þessa.

Í fundargerð frá því í apríl 1955 segir svo: „Aðalbjörg Guðmundsdóttir í Villingaholtsskóla kom með þá tillögu að leitast fyrir um það hjá bygginganefnd félagsheimilisins hvað myndi kosta að gera eldhús félagsheimilisins svo úr garði, að hægt verði að hita þar kaffi og hugsa um aðrar veitingar, ef með þyrfti“. Á sama fundi er skemmtinefnd falið að leita fyrir sér um kostnaðarhlið og útvegum á tjaldefni og öðru sem til þarf fyrir leiksviðið.

Ljóst var að kostnaður yrði mikill við þær framkvæmdir sem félagið vildi beita sér fyrir. Og nú var hafist handa. Ákveðið var að vinna muni og selja á basar. Þátttaka varð mjög almenn og þrjú konur og saumuðu af krafti. Munirnir þóttu afar fallegir og vandaðir. Basarinn var haldinn í Selfossbíói og seldist allt á skömmum tíma. Þetta var í nóvember 1956. Basararnir urðu nokkrir að sögn Oddnýjar, allir í bíóinu hjá þeim mætu hjónum Kristjáni og frú hans en þau voru alltaf mjög liðleg að lána glertau og fleira. Sama var að segja um hjónin í Tryggvaskála þau Brynjólf og Kristínu.

Mikill áhugi var meðal félagskvenna. Árið 1958 gáfu tvær konur 24 bollapör til notkunar í nýja eldhúsinu sem ekki var þó tilbúið.

Úr fundargerðabók: „Fundur haldinn í febrúar 1959. Samþykkt var tillaga með öllum greiddum atkvæðum að fela frú Oddnýju Kristjánsdóttur að athuga framkvæmdir á smíð eldhúsinnréttingar í félagheimilið fyrir félagsins

Langstökk

1.-3. bekkur strákar

Bjarki Rafn Reynisson	2,61m
Kristófer Máni Andrason	2,61m
Kári Einarsson	2,45m
Guðni Bóas Davíðsson	2,39m
Jón Oliver Rúnarsson	2,05m
Garðar Þór Jónsson	1,98m
Axel Ö. Aitken Sævarsson	1,92m
Gísli Svavar Sigurðsson	1,70m
Natan Linddal Hallgrímsson	1,70m
Egill Ingi Nielsen Jakobs.	1,62m
Hrafnkell H. Sigmarsson	1,60m
Albert Hellsten Högnason	1,60m
Hlynur Davíðsson	1,56m
Hróar Indriði Dagbjartsson	1,42m

1.-3. bekkur stelpur

Rán Ægisdóttir	2,60m
Karólína Þórbergsdóttir	2,37m
Sigríður S. Magnúsdóttir	2,18m
Ronja Sif Magnúsdóttir	1,92m
Ásta Björg Jónsdóttir	1,89m

4.-5. bekkur strákar

Benóný Ágústsson	3,26m
Helgi Reynisson	3,12m
Hjálmar V. Rúnarsson	3,12m
Kári Þór Steindórsson	2,95m
Óskar Freyr Sigurðsson	2,70m
Hjörleifur Máni Rúnarsson	2,59m
David Ö Aitken Sævarsson	2,58m
Guðbergur D. Ágústsson	2,48m
Arnór Leví Sigmarsson	2,36m

4.-5. bekkur stelpur

Svandís Aitken Sævarsd.	3,04m
Ásta Dís Ingimarsdóttir	2,32m
Ásdís Eva Magnúsdóttir	1,95m

6.-7. bekkur strákar

Sigurjón Reynisson	4,08m
Daði Kolviður Einarsson	4,04m
Hjalti Geir Jónsson	3,52m

6.-7. bekkur stelpur

Katrín Ágústsdóttir	3,77 m
---------------------	--------

8.-10. bekkur strákar

Dagur Fannar Einarsson	5,36m
Unnsteinn Reynisson	4,63m
Elías Örn Jónsson	3,62m

8.-10 bekkur stelpur

Ingibjörg H. Jóhannesdóttir	3,95m
Guðmunda B. Steindórsd.	2,97m
Freyja Kristín Guðjónsd.	2,03m

Skutlukast

1.-3. bekkur strákar

Bjarki Rafn Reynisson	8,90m
Albert Hellsten Högnason	8,50m
Kristófer Máni Andrason	8,30m
Kári Einarsson	8,26m
Guðni Bóas Davíðsson	8,00m
Garðar Þór Jónsson	6,25m
Hrafnkell H. Sigmarsson	6,00m
Hróar Indriði Dagbjartsson	5,80m
Natan Linddal Hallgrímsson	5,55m
Axel Ö Aitken Sævarsson	5,20m
Egill I. Nielsen Jakobsson	5,00m
Gísli Svavar Sigurðsson	2,68m
Hlynur Davíðsson	1,50m

1.-3. bekkur stelpur

Karólína Þórbergsdóttir	9,85m
Sigríður S. Magnúsdóttir	6,00m
Ronja Sif Magnúsdóttir	6,00m

Flóamótið-úrslit

Flóamótið fór fram miðvikudaginn 6. september í blíðskaparveðri. Rúmlega 40 krakkar kepptu á mótinu sem gekk vel með góðri aðstoð foreldra. Að keppni lokinni voru grillaðar pulsar og allir fengu viðurkenningarskjöl fyrir þátttökuna. Hér koma úrslitin:

60m hlaup

1.-3. bekkur strákar

Bjarki Rafn Reynisson	9,70sek
Kristófer Máni Andrason	10,4sek
Guðni Bóas Davíðsson	11,2sek
Kári Einarsson	12,1sek
Garðar Þór Jónsson	12,5sek
Jón Oliver Rúnarsson	12,8sek
Natan Linddal Hallgrímsson	13,0sek
Egill Ingi Nielsen Jakobsso	13,9sek
Axel Örn Aitken Sævarsson	14,4sek
Gísli Svavar Sigurðsson	16,9sek
Hrafnkell H. Sigmarsson	16,2sek
Hróar Indriði Dagbjartsson	17,3sek

1.-3. bekkur stelpur

Karólína Þórbergsdóttir	11,8sek
Sigríður S. Magnúsdóttir	12,5sek
Rán Ægisdóttir	12,7sek
Ásta Björg Jónsdóttir	14,0sek
Ronja Sif Magnúsdóttir	15,9sek

4.-5. bekkur strákar

Helgi Reynisson	10,4sek
Hjálmar Vilhelm Rúnarsson	10,6sek
Kári Þór Steindórsson	11,2sek
Benóný Ágústsson	11,2sek
David Ö Aitken Sævarsson	11,8sek
Guðbergur Ágústsson	12,4sek
Arnór Leví Sigmarsson	12,4sek

Hjörleifur Máni Rúnarsson	12,5sek
Óskar Freyr Sigurðsson	12,7sek

4.-5. bekkur stelpur

Svandís Aitken Sævarsd.	10,9sek
Ásta Dís Ingimarsdóttir	12,6sek
Ásdís Eva Magnúsdóttir	12,65sek

6.-7. bekkur strákar

Daði Kolviður Einarsson	9,1sek
Sigurjón Reynisson	9,2sek
Viðar Hrafn Victorsson	9,6sek
Auðunn Ingi Davíðsson	9,7sek
Hjalti Geir Jónsson	10,1sek

6.-7. bekkur stelpur

Katrín Ágústsdóttir	9,8sek
---------------------	--------

100m hlaup

8.-10. bekkur strákar

Dagur Fannar Einarsson	12,8sek
Unnsteinn Reynisson	13,2sek
Elías Örn Jónsson	14,7sek

8.-10. bekkur stelpur

Ingibjörg H. Jóhannesdóttir	15,8sek
Guðmunda B. Steindórsd.	17,1 sek
Freyja Kristín Guðjónsdóttir	18,8sek

hönd“. Einnig frá sama fundi: „Formaðurinn Oddný Kristjánsdóttir skýrði frá því að bygginganefnd félagsheimilisins hefði leitað til sín og óskað eftir því að kvenfélagið annaðist gluggatjöld fyrir sal og kaffistofu“. Til athugunar var íslenskt efni annað hvort ofið heima í sveitinni eða keypt frá Gefjunni á Akureyri. Endirinn varð sá að Oddný fór til Reykjavíkur og keypti tvo stranga af fallegu efni í heildsölu hjá Davíð Jónssyni og co.

Ekki voru allir sammála hvernig gardínurnar skyldu hafðar og þótti konunum sumir karlarnir vilja ráða ansi miklu. En tillaga kvennanna varð ofaná, sett var stöng inni gluggakarminn sem sterkir messinghringir voru settir upp á. Gardínurnar voru síðan handsaumaðar rækilega í hringina svo að hægt væri að svifta þeim fyrir eða frá í einu handtaki.

Nú var hafist handa að sníða og sauma. Laufey í Egilsstaðakoti sagði að konurnar hefðu farið með saumavélnar sínar, flestar handsúnar, niður í Þjórsárver eftir hádegið. Þá höfðu konurnar lokið mjóltum og heimilisstörfunum og saumuðu af kappi í góðum félagsskap til kl. 18, en þá var haldið heim til mjalta og að sinna sínu heimili.

Auk gluggatjaldanna þurfti að sauma tjöldin fyrir leiksviðið og alla borðdúkana. Oddný rifjar upp að dúkaefnið valdi hún í heildsölu. Þeir voru hafðir í tveimur stærðum, bláir með hvítum röndum, ekki ólíkt því sem ofið var á Húsmæðraskólanum á Hallormsstað. Á einhverri samkomu voru dúkuð borð og allt mjög huggulegt, þá er henni gengið fram hjá einu borðinu sem tveir karlmenn sátu við og rýndu þeir niður í dúkinn. Þú heyrir hún að annar segir: „Og þetta hafa þær ofið“.

Bláu dúkarnir þóttu afsakplega fallegir og segir Oddný aðra frásögn því til stuðnings: „Ragnhildur og Hafsteinn sem bjuggu í Syðri-Gróf höfðu farið til Parísar ásamt fleira fólki þar á meðal úr þessari sveit, að sýna þjóðdansa og glímu á vegum Ungmennafélags Íslands. Hópurinn hafði komið á mjög frægan skemmtistað sem heitir Rauða myllan. Einhverju sinni var búið að dúka borðin í Þjórsárveri. Leggja á glertau og kveikja á kertum. Þegar Hafsteinn kom í salinn varð honum að orði: „Þetta er bara eins og í Rauðu myllunni í París“.

Eftir að Þjórsárver var tekið í notkun, breyttist öll aðstaða. Húsið var nýtt og huggulegt og veitingar þóttu mjög góðar hjá kvenfélagskonunum. Húsið varð strax vinsælt. Starf kvenfélagsins í veitingasölu varð mjög mikið og varð því konunum fljótt skipt upp í vinnuhópa. Konurnar bökuðu í nýja eldhúsinu og var því fljótlega keyptur auka bakaraofn. Félagið pantaði allt hráefnið frá Selfossi sem kom með mjólkurbílnum eins og títt var í þá daga. Félagið borgaði sem sagt allt hráefnið en konurnar lögðu fram vinnuna.

Fljótlega var stóra kaffikannan keypt í eldhúsið. Vatnið var hitað í pottum á eldavélinni og síðan hellt á könnuna. Það var Guðrún í Hróarsholti sem sá alltaf um að hella á. Hver man ekki eftir henni lágvaxinni og kvikri í hreyfingum, þrila

upp á kollinn með sjóðandi vatn í skaftpotti og hella á könnuna?

Í fundargerð aðalfundar í febrúar 1960 sýndu heildartölur reikninganna 22.468 kr og er þetta langhæsti reikningur sem komið hefur fram hjá kvenfélaginu frá því það tók til starfa, en á árinu var keypt eldhúsinnrétting í félagsheimilið fyrir 17.700 kr. Kvenfélagið sá alfarið um að kaupa allt glertau og áhöld til nota í nýja eldhúsinu en peninga til þess var aflað með veitingasölu, svo sem með flatkökusölu á dansleikjum, en þeir urðu ekki færri en 17 á árinu 1964.

Uppbygging hússins hélt áfram, 1972 sendi kvenfélagið frá sér tillögu þess efnis að búa fundarherbergið á lofti Þjorsárvers viðeigandi húsgögnum og ljósum. Þegar ráðist var í að stækka húsið kom það aftur í hlut kvenfélagskvenna að vinna að uppbyggingu eldhússins. Nú var hver kökubasarin haldinn á fætur öðrum og selt í anddyri Vöruhúss KÁ. Einnig var mikið selt af broddi. Samhugur var mikill og gott samkomulag við hina eignaraðilana.

Um tíma var ekkert nothæft eldhús í Þjorsárveri. Það þurfti að fjarlægja allt innan úr því gamla, og opna inn í nýju viðbygginguna. Þennan vetur þurftum við að hugsa um nokkrar fjölmennar kaffisamkomur. Nú voru góð ráð dýr. Hvernig var hægt að veita 100-200 manns veislukaffi án þess að hafa eldhús? En það tókst að ráða fram úr öllum þessum erfiðleikum. Það var hellt á könnurnar á leiksviðinu, kaffibrauðið útbúið í kjallaranum en á eftir var allt glertau sett í þvottabala og farið með heim á bæi til að þvo það upp.

Okkur þótti þetta heldur erfið vinnuástaða svo að nú var allt sett á fullt að koma eldhúsinu í notkun. Karlmennirnir einangruðu og klæddu loft og vegg en konurnar máluðu. Eldhúsinnrétting var keypt hjá Guðmundi Sveinssyni trésmið á Selfossi en þá höfðum við safnað að mestu fyrir henni.

Enn þann dag í dag stöndum við saman um félagsheimilið okkar. Ég er ansi hrædd um að margt væri öðruvísi í þessari sveit ef við hefðum ekki notið þessa góða húss í okkar félags-, íþrótt og menningarmálum. Það má nefna jólatrésskemmtanir, spilakvöld, dansæfingar, íþróttæfingar, þorrablót, heimboð, dansleiki, kvöldvökur, söngæfingar, fundi stória og smáa og mötuneyti fyrir skólabörnin, afmælisveislur, brúðkaupsveislur og ættarmót.

Af öllu þessu má sjá að mörgum vinnustundum höfum við kvenfélagskonur og fleiri eytt hér á þessum stað. Börnin okkar hafa kannski einhverntíma sagt við okkur „Mamma, þú ert alltaf úti í Þjorsárveri.“

(Flutt á afmælishátíð Þjorsárvers 1999)

Kótelettukvöldið í Þingborg

Hið árlega Kótelettukvöld verður haldið í Þingborg laugardagskvöldið 21. október n.k. fyrsta vetrardag. Uppskeruhátíð Flóamanna og styrktarhátíð Flóamannabókar.

Samkoman hefst klukkan 20.30 húsið opnar kl. 20.00. Kótelettur í raspi ásamt tilheyrandi meðlæti og Kjörís í eflirétt (gos, rauðvín og bjór selt af bar).

Veislustjórar: Bjarni Stefánsson og Guðni Ágústsson. Skemmtiatriði Gissur Páll Gissurarson stórsöngvari ættaður frá Hraungerði syngur og Jón Bjarnason dómorganisti í Skálholti sér um undirleik og dinnermúsík. Útvar milli gömlu hreppanna Hraungerðis-, Villingaholts- og Gaulverjabæjarhreppa. Sigurliðið hlýtur gáfumannabikarinn: „Flóafílið 2017.“ Happdrætti og fleiri uppákomur.

Miðapantanir og borð:

Guðrún Tryggvadóttir í síma 894-4448 netf:grenigrund(hjá)islandia.is
Sigmundur Stefánsson í síma 898-6476 netf:sigmundurstef(hjá)gmail.com

Húsið tekur 200 manns í sæti gott að panta tímanlega, fullt hús í fyrra Miðaverð er 6.000 kr. Aldurstakmark 18 ár. Tekið verður á mótí greiðslu eða reiðufé og/eða af kortum við inngang.

Allur ágóði rennur til Flóamannabókar sem Jón M. Ívarsson er að skrifa og mun Hraungerðishreppurinn koma út í tveimur bindum á næsta ári



Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Nú er runninn upp afmælistímanurinn, Kvenfélag Villingaholtshrepps verður 100 ára þann 27. október. Í dag eru félagskonur þrjátíu og ein, þar af eru þrjár heiðursfélagar. Það hefur verið nokkur endurnýjun í félaginu og yngri konur að koma inn og þar af leiðandi fjölgun, sem er vel, því fleiri hendur vinna létt verk. Í raun hefur ekki svo mikið breyst í þessi 100 ár, enn eru konur að vinna sjálfboðavinnu með það að markmiði að safna peningum til að geta létt undir með þeim er á því þurfa að halda. Þó svo allt virðist vera á uppleið í þjóðfélaginu, eru samt enn mörg félagsamtök og stofnanir sem treysta á að fá gefna hluti til að geta haldið starfsemi sinni gangandi. eru þar m.a. sjúkrahús, heimili fatlaðra, slökkvilið og fleiri og fleiri. Einnig höfum við styrkt leikskólann Krakkaborg og Flóaskóla myndarlega. Við erum þakklátar fyrir að fá tækifæri til að styrkja þessar stofnanir, með afrakstri af basar, Fjöri í Flóa eða öðrum fjáröflunum sem við tökum að okkur. **Takk kæru sveitungar** fyrir að styrkja okkur með kaupum á veitingum eða öðru sem við bjóðum fram til fjáröflunar, **þið hjálpið okkur að hjálpa öðrum.**

Þetta er skemmtilegur félagsskapur þar sem konur á öllum aldri eru vinkonur og vinna og skemmta sér saman. Takk fyrir stuðninginn síðustu 100 ár.

Sólveig Þórðardóttir formaður

Gaman saman

Gaman saman samverurnar halda áfram nú í afmælistímaninum, en þá komum við saman og spjöllum og þrjónum ef vill. Þann 2. október bauð Sigrún Hrefna í Skyggnisholti okkur heim og áttum við þar góða kvöldstund.

Önnur samvera Gaman saman verður svo **mánudagskvöldið 16. október** kl. 20.00 til 22.00. Þá ætlum við að hittast hjá Fanneyju á Hurðarbaki. Best væri ef sem flestar gætu mætt sem ætla með í afmælisferðina okkar til Skotlands. Og að sjálfsögðu eru allar aðrar konur velkomnar líka.

Stjórnin

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Haustfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldin í Þingborg **fimmtudagskvöldið 12. október kl. 20:30.**

Dagskrá fundar:

- Fundarsetning og lesin fundargerð síðasta fundar
- Sagt frá starfinu frá síðasta fundi og það sem framundan er
- Inntaka nýrra félaga
- Önnur mál

Vonum til þess að sjá ykkur sem flestar og eigum góða kvöldstund saman. Bjóðum nýja félaga sérstaklega velkomna.

Kaffihópur: *Gunnur S. Gunnarsdóttir, Elin Magnúsdóttir, Tone Marit Torgeisdóttir og Halla Kjartansdóttir.*

Með bestu kveðju, stjórnin

Dósasöfnun!!



Nemendur í 10. bekk Flóaskóla verða á ferðinni í byrjun nóvember að safna dósum til fjáröflunar fyrir skólaferðalag í vor. Áætlað er að vera einnig á ferðinni í janúar og apríl og verður það auglýst síðar.

Ef svo óheppilega vill til að þið eruð ekki heima þegar við bönkum upp á megið þið hafa samband Sigga í Hamarskoti í síma: 862 0047 ef þið eigið eitthvað af dósunum í geymslunni.

Bestu kveðjur, nemendur í 10. bekk Flóaskóla.

Pistillinn

Ég þakka Margréti Drífu nágrannakonunni minni fyrir þessa áskorun. Ég heiti Gunnlaug Hartmannsdóttir og flutti í Flóahrepp fyrir rúmu ári síðan. Ég á enga tengingu í Flóann en hef þó komið nokkuð reglulega hingað austur þar sem við hjónin höfum haft hrossin okkar í hagagöngu á Mýrum í nokkur ár. Ég er fædd og uppalin í Skagafirði og það er örugglega með mig eins og aðra að æskustöðvarnar toga í mann, þar á maður sínar minningar, fjölskyldu - og vinatengsl. Ég átti þess kost að loknu háskólanámi að starfa að skólamáli fyrir norðan en flutti svo með mínum manni til Danmerkur þar sem hann stundaði nám. Ætlunin var alltaf að flytja aftur í Skagafjörðinn en málin þróuðust þannig að við settumst að á höfuðborgarsvæðinu og ólum dætur okkar upp þar. Þar áttum við góð ár og vorum búin að koma okkur vel fyrir og búa okkur góða aðstöðu til að sinna áhugamáli fjölskyldunnar hestamennsku. Þegar dæturnar fóru að fljúga úr hreiðrinu fórum við að hugsa okkar gang, íbúðarhúsið heldur stórt fyrir tvo í heimili og þörfin fyrir betri aðstöðu með hrossin farin að segja til sín. Eitt leiddi því af öðru og var það snemma vors 2016 sem við skoðuðum aðstöðuna í Hróarsholti og rétt rúmum mánuði síðar vorum við flutt í sveitina. Ekki minkaði húsnæðið en við erum komin með góða aðstöðu til að sinna hestamennskunni. Að sjálfsögðu þarf að hafa gott pláss í sveitinni til að taka á móti fólkinu sínu og þá er gott að búa í rúmstöðu húsi.

Fyrsta árið keyrðum við til Reykjavíkur í vinnu en svo er eins og forlögin ætli manni ákveðna hluti og hóf ég störf sem skólastjóri Flóaskóla 1. ágúst sl. Það eru forréttindi að fá tækifæri til að vinna að uppbyggingu og framgangi skólamála í heimabyggð og leggja þannig sitt af mörkum til að efla nærsamfélagið. Í skólastarfi tel ég mikilvægt að skapa nemendum gott og hvetjandi námsumhverfi þar sem styrkleikar hvers og eins fá notið sín, þeir fái tækifæri til að eflast og þroskast og búa sig undir lífið í nútíma þjóðfélagi þar sem tækninýjungar og framfarir eru örvar. Í störfum mínum hef ég reynt af því hvað skiptir miklu máli að nemendur hafi jákvæða upplifun af námi sínu og öðlist trú á eigin getu, læri vönduð og góð vinnubrögð sem leggja grunn að árangri þeirra í leik og starfi. Starfið í Flóaskóla fór vel af stað þetta skólaárið og ber þar að þakka öflugum hópi kennara og góðu samstarfi við foreldra sem vinna með mér að öflugu og góðu skólastarfi í Flóaskóla.

Til að rita næsta pistil finnst mér vel við hæfi að skora á sveitunga minn úr Skagafirðinum Jóhannes Símonarson frá Ketu sem búsettur er á Stóra Ármóti.

Bestu kveðjur, Gunnlaug, Hróarsholti.

Bingó!!

Þann 19. október kl. 20.00 verður 10. bekkur með bingó í Þjórsárveri. Mikið af flottum vinningum! Sjoppa 10. bekkjar verður opin. *Munið en það er enginn posi á staðnum.*

Með von um að sjá sem flesta.
10. bekkur Flóaskóla



Frá Villingaholtskirkju

Þjóðbúningamessa verður haldin í Villingaholtskirkju, sunnudaginn 8. október kl. 13.30. Við hvetjum alla sem eiga þjóðbúninga, hvaða lands sem er, að mæta í þeim til messu.

Á eftir messu verður kirkjukaffi, svokallað „Pálínuboð“, en þá koma allir með meðlæti með sér og leggja saman á hlaðborð. Kirkja mun sjá um drykki.

Prestur er sr. Ninna Sif Svavarsdóttir, organisti er Ingi Heiðmar Jónsson og kirkjukórinn mun leiða söng.

Allir hjartanlega velkomnir í fyrstu messu vetrarins

Meðhjálpari óskast

Meðhjálpari kirkjunnar síðastliðin 20 ár, Kristín Stefánsdóttir á Hurðarbaki hefur óskað eftir að láta af störfum sem meðhjálpari. Hún hefur sinnt sínum verkum með eindæmum vel og ávallt haft hag kirkjunnar í fyrsta sæti.

Við auglýsum því hér með eftir einstaklingi sem langar að vinna við kirkjuna okkar og taka að sér starf meðhjálpara. Samkomur í kirkjunni eru um sex á ári hverju. Nánari upplýsingar um starf meðhjálpara veitir sóknarprestur sr. Guðbjörg Arnardóttir í síma 482 2275/ 865 4444 og formaður sóknarnefndar Sólveig Þórðardóttir s: 482 2553/869 6534. Einnig er Kristín tilbúin að leiðbeina nýjum meðhjálpara. Umsóknir berist til formanns sóknarnefndar, í pósti á Skúfslæk 2/með email á skufslækur2@gmail.com eða með símtali.

Sóknarnefndin